

Ákærður hefir verið dæmdur í 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn ákvæðum 9. gr. laga nr. 51 frá 1928 með dómi uppkveðnum í lögreglurétti Reykjavíkur 27. júlí 1929.

Með þessu framferði sínu hefir ákærður, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. október 1900, brotið gegn 9. gr. laga nr. 51 frá 1928, og þykir refsing sú, er hann hefir tilunnið, með tilliti til þess, að ákærður er nú dæmdur í annað sinn fyrir slíkt framferði, hæfilega ákveðin, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 1 ár.

Svo greiði ákærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 14. maí 1930.

Nr. 130/1927

**Jón Einarsson** (Jón Ásbjörnsson)  
gegn

**Bryngeiri Torfasyni** (Enginn).

Ómerkingardómur.

### **Dómur hæstaréttar.**

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 3. dezbr. f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 16. nóv. s. á., en þar sem stefndi mætti eigi við fyrirtekt málsins hér í réttinum, hefir það verið rekið skriflega, samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Mál þetta var rekið sem aðalsök og gagnsök í undirrétti. Þegar aðalmálið var þingfest í gestaréttinum á skrifstofu bæjarfógetans í Vestmannaeyjum 31. okt. 1928, mætti aðalsækjandi, Jón Einarsson útgjörðarmaður í Vestmannaeyjum, eigi sjálfur í réttinum, en í hans stað mætti cand. juris. Kr. Þ. Jakobsson, er sækjandi hafði falið flutning málsins, en stefndi, Bryngeir Torfason, mætti

hinsvegar sjálfur og leitaði dómariinn um sættir milli þeirra, en sáttatilraunin reyndist árangurslaus.

Í tilskipun um sættastiptanir 20. jan. 1797, 25. gr., er bannað að senda málflutningsmann í sinn stað til að túlka mál fyrir sáttanefnd og verður þetta fyrir-mæli eftir eðli sínu að eiga jafnt við um sáttatilraun fyrir gestarétti. Með því nú að umboðsmaður sækj-anda, Kr. Þ. Jakobsson, samkvæmt skýrslu umboðs-manns áfrýjanda hér í rétti, stundaði málflutningsstörf í Vestmannaeyjum sem atvinnu, verður sáttatilraunin að teljast ólögleg.

Þegar gagnsökin var þingfest 14. nóvbr. s. á., mætti gagnstefnandi, Bryngeir Torfason, eigi sjálfur, en í hans stað mætti cand. juris Gunnar Ólafsson, og leit-aði dómariinn um sættir í gagnsökinni milli hans og umboðsmanns aðalsækjanda. En þar sem nefndur um-boðsmaður gagnstefnanda, samkvæmt skýrslu umboðs-manns áfrýjanda, stundaði málflutningsstörf í Vest-mannaeyjum um þessar mundir, var sáttatilraunin í gagnmálinu einnig ólögleg af sömu ástæðum og satta-tilraunin í aðalmálinu, að málflutningsmaður mætti þar fyrir hönd gagnsækjanda.

Verður því ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða gesta-réttardóm og alla meðferð málsins í héraði eftir þing-festingu þess. Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði gestaréttardómur og öll meðferð málsins í héraði eftir þingfestingu þess á að vera ómerk. Stefndi, Bryngeir Torfason, greiði áfrýj-anda, Jóni Einarssyni, 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.